

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 25. janúar 2023

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um heildstæða sýn á húsnæðismálum innan Reykjavíkur

Fulltrúi Sósíalista leggur til að Reykjavíkurborg geri úttekt á því hvernig íbúðir í borginni skiptast í eignar- og leiguíbúðir (með leiguíbúðum er átt við fjölda íbúða sem eru til leigu). Einnig verði kannað hvernig eignarhaldi á þeim leiguíbúðum er háttað, hve hátt hlutfall þeirra sé í eigu hagnaðardrifinna/óhagnaðardrifinna leigufélaga, einstaklinga, félaga á vegum verkalýðsfélaga, Félagsbústaða og annarra aðila sem átt gæti við. Auk þessa verði gerð úttekt á fjölda ósamþykktra íbúða sem vitað er að búið sé í eða grunur leikur á að búið sé í.

Greinargerð:

Í fyrirspurn sem lögð var fyrir 30. nóvember sl. var athugað hvort Reykjavíkurborg byggji yfir sömu upplýsingum og hér er lagt til að verða kannaðar. Í svari sem barst 5. desember sl. kom fram að Reykjavíkurborg byggji ekki yfir neinum þeirra. Mikilvægt er að borgaryfirvöld hafi nákvæma yfirsýn yfir stöðuna í húsnæðismarkaðnum. Þá sérstaklega stöðu leigjenda sem berjast í bökkum.